Egilsstaðaskóli

Námsáætlun

1. bekkur

**Námsgrein:** Byrjendalæsi

Kennsluaðferðir og skipulag:

Nemendur vinna út frá hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá grunnskóla. Kennt verður samkvæmt aðferðum í Byrjendalæsi. Í Byrjendalæsi er fjölbreyttur gæðatexti lagður til grundvallar í lestrarkennslunni. Öll tæknileg vinna sprettur út frá þeim efniviði sem felst í merkinga bærum texta (barnabækur, skáldsögur, ljóð og fræðitextar). Unnið er í hópum eða einstaklingslega eftir því sem best hentar. Í byrjendalæsi er íslenska, náttúrufræði og samfélagsfræði samþætt.

| Námsflokkur | Hæfniviðmið | Viðfangsefni | Námsefni | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| **Talað mál, hlustun og áhorf:** | Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.<br><br>Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.<br><br>Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni. | Nemendur þjálfist í að tala skýrt og áheyrilega, kynnist og syngi texta af ýmsum gerðum, endursegi léttar frásagnir, segi frá eigin reynslu fyrir bekkjarfélaga.<br><br>Nemendur geti hlustað á upplestur.<br><br>Nemendur tileinki sér þær reglur sem gilda í | Bækur í byrjendalæsi, skáldsögur, fræðitextar, söngtextar og ljóð.<br><br>Efni af vef (t.d. 123skoli og fjölbreyttar kennsluaðferðir)<br><br>Leikrit, myndbönd | Símat allan veturinn. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi. | samræðum og fylgi fyrirmælum. | | |
| Lestur og bókmenntir: | Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa<br><br>Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími og vísu<br><br>Beitt hugtökum eins og persónu og söguþræði | Nemendur öðlist þjálfun í lestri, geti aukið orðaforða, málskilning, lesskilning og leshraða.<br><br>Nemendur geti valið sér bækur eftir áhugasviði, kunni nokkrar vísur og ljóð og kynnist þekktum íslenskum þjóðsögum, ævintýrum og frásögnum.<br><br>Geti fundið lykilorð í einföldum texta og endursagt aðalatriði.<br><br>Þekki hugtakið sögupersónur. | Bækur í byrjendalæsi, skáldsögur, fræðitextar, söngtextar og ljóð.<br><br>Verkefni tengd byrjendalæsi<br><br>Heimalestrarbækur/léttlestrarbækur<br><br>Lestrarlandið | Lesferill – Lesskimun fyrir 1. bekk<br><br>Lesfimipróf eru í (september) janúar og maí til að kanna fjölda rétt lesinna orða á mínútu hjá nemendum.<br><br>Læsi er lagt fyrir í nóvember, febrúar og maí. Verkefnið mælir lesskilning. |
| Ritun: | Dregið rétt til stafs<br><br>Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð | Nemendur læri að draga rétt til stafs.<br><br>Þjálfist í að endursegja frásagnir eftir upplestri með myndum eða stuttum texta. | Skrift 1<br><br>Lestrarlandið<br><br>Ýmis efni af vef (t.d. 123skoli og fjölbreyttar kennsluaðferðir) | Símat allan veturinn.<br><br>Skriftarblöð<br><br>Ritunarprufa í janúar og maí til að skoða framfarir |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Skrifað texta á tölvu | Fái tækifæri til að skoða margvíslega texta, svo sem frásagnir, sögur og ljóð.<br>Geti tjáð hugmyndir sínar og reynslu með myndum eða stuttum texta<br>Nemendur kynnist einföldum stafsetningarreglum svo sem um stóran staf á eftir punkti. | | |
| Málfræði: | Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð og orð.<br><br>Leikið sér með orð og merkingu svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki | Nemendur öðlist jákvætt viðhorf til móðurmálsins með því að leika sér með það og nota tungumálið á margvíslegan hátt.<br><br>Þjálfist í að nota stafrófið og þekki helstu einingar tungumálsins eins og atkvæði, bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og hafa kynnst málsgreinum.<br><br>Nemendur kunni að ríma.<br><br>Þekki mun á sérhljóðum og samhljóðum. | Bækur í byrjendalæsi, skáldsögur, fræðitextar, söngtextar og ljóð.<br><br>Ýmis byrjendalæsisverkefni – Stafa- og orðasúpur, Orð úr orði, Orð í orði.<br><br>Lestrarlandið | Símat allan veturinn.<br><br>Sjálfsmat reglulega yfir veturinn. |